

Hugarflugsfundur um upplýsingamál
haldinn hjá Ingibjörgu Jónasdóttur, Stapaseli 12, 109 Reykjavík
fimmtudaginn 24. sept. kl. 17 – 20 2009

Mættar úr landssambandsstjórn: Ingibjörg Jónasdóttir og Ingibjörg Auðunsdóttir.

Úr útgáfunefnd: Prúður Kristjánsdóttir, Jónína Eiríksdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir.

Vefstjórar: Halldóra Jónsdóttir, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Steinunn Ármannsdóttir ætlaði að mæta en fann ekki fundarstað.

Í upphafi fundar spunnust umræður um hvort búa ætti til vefnefnd. Í lögum samtakanna stendur að útgáfunefndin annist útgáfu blaðsins og heimasíðu. Hver deild annast sína heimasíðu. Starfandi er vefstjóri og útgáfunefnd og er áriðandi að samstarf þessara aðila sé gott.

Deildirnar hafa haft frjálssar hendur um hvað er á heimsíðu viðkomandi deildar en spurning er hvort ekki eigi að fara fram á að allar deildir setji ákveðnar upplýsingar á heimasíðuna sína. Á framkvæmdaráðsfundi kom ákveðin ábending um að ekki komi til greina að prenta félagatal vegna kostnaðar en formenn ættu að sjá um að prenta félagatal fyrir þær konur sem eru ekki með tölvu og/eða nettengingu. Spurning hvort formenn ættu ekki að sjá um að halda utanum félagatalið í sinni deild og uppfæra það eftir þörfum.

Ingibjörg Jónasdóttir bað konur um að nýta hugarflugshugmyndina við að finna út hvaða upplýsingar þurfi að koma til DKG kvenna. Upplýsingunum er hægt að koma til félaga í fréttabréfinu og setja þær á heimasíðu samtakanna.

Hugmyndir sem skrifaðar voru á gula miða – upplýsingar sem fundarkonur töldu að þyrfti að miðla til DKG kvenna:

- Alltaf að vera með upplýsingar um hverjir eru í stjórn landssambandsins, um formenn deilda og nöfn annarra sem eru í embættum, það sem framundan er/ það sem er á döfinni,
- Þemu deilda, upplýsingar um fundi deilda, hvað deildir eru að gera, verkefni og störf deilda, ýmislegt skemmtilegt frá vinnu deilda, hvað er á dagskrá hjá deildum, fréttir frá deildum, skemmtilegar leiðir/aðgerðir til að draga úr fjárútlátum, skýrslur formanna ættu að vera á vefnum,
- Um þing, ráðstefnur innanlands og erlendis, - líka það sem gerist á þingunum, s.s. frásagnir og fundargerðir,
- Styrki,
- Fréttir um nefndarstörf og nöfn þeirra sem eru í nefndum, fréttir frá stjórn landssambandsins,
- Verkefni sem konur eru að vinna að, fréttir af afrekum kvenna, birta greinar um áhugaverð fræðasviði og rannsóknir sem konur í samtökunum eru að vinna að, segja frá/kynna bækur sem konur eru að gefa út, segja frá skemmtilegum vefsíðum,
- Félagatalið, myndir, netföng, heimilisföng, kynning á nýjum félögum, opna samskipti,
- Allt sem getur eflt samstöðu og virkni kvenna, eitthvað til skemmtunar – hafa húmorinn í lagi,
- Skýrsla formanna ættu að vera á vefnum. Allt efni deilda ætti að vera á vefnum og vera gagnsætt. Síðan þarf að vera ýmislegt efni sem er áhugavert og skemmtilegt á vefnum. Búa þarf til skjöl/möppur sem halda utanum upplýsingar sem við viljum varðveita.

Ætti ekki að beina þema samtakanna til deilda *að horfa á það sem vel er gert*.

Hugmyndir á vef:

- Spurningar og svör við algengum spurningum um samtökin
- Lestrakennsla – hvað gerum við, skemmtilegar vefsíður

Eftir mat:

Sigrún vildi skoða allar hugmyndirnar og melta aðeins – eins þyrfti útgáfunefndin að tala við útgáfunefnd frá síðustu stjórn, Ísafjarðarnefndina.

Auðvita eigum við að skrifa og vekja athygli á Sigrúnu Klöru Hannesdóttur og hennar nýju stöðu innan alþjóðlegu samtakanna.

Við sem samtök mættu styðja við nemendur sem standa höllum fæti vegna kreppunnar. Etadeildin er t.d. í samstarfi við Rauðakrossinn og konur lesa fyrir börn. Gaman væri að fá dæmi um svona til að birta í Fréttabréfinu. Formenn ættu að halda til haga að þessum góðu dæmum þannig að hægt væri að birta í Fréttabréfinu.

Fréttabréfið – er möguleiki að hafa það tilbúið um miðjan nóvember. Sigrún Jóhannesdóttir spurði hvað væri áætlað í fjárhagsáætlun í útgáfu Fréttabréfsins. Ingibjörg Jónasdóttir tók að sér að afla upplýsinga um það.

KL. 19:10 fór Ingibjörg Auðunsdóttir, ritari af fundi en fundi var þá ekki lokið.